



Provincial Library
7, Kennedy St.,
HEY! HEY!
Sendið heitið ykkar til íslensku bók-
kaupmannanna, og fáið hæðsta verð,
einnig fljóta afgreiðslu. Peningar lá-
aðir á "kór" send beint til okkar.
Vér ábyrgjumst að gera yður á-
nægða.
THE NORTHERN HAY CO.
408 Chambers of Commerce
Talsmi: G. 2209. Nætur talsmi S. 3247
Winnipeg, Man.

STJÓRNIN Á ÍSLANDI FALLIN

Farþegar sem komu með "Gullfossi", segja þá frétt að daginn sem skipið fór (10. þ. m.) hafi vantrausteyfirlysing verið samþykkt í þinginu og stjórnin sagð af sér. Ógölggar fréttir um ástæður.

Þessir komu með "Gullfossi": Árni Eggertsson og Gretti sonur hans, Árni Sveinsson, Sigurður Johnson, Guðrún Ásmundsdóttir (frá Hába í Vogum), Karolína Margrét Sveinsdóttir, Stefán Guð-johnsen, Þorgerður Jónsdóttir (úr Borgarnesi) og Björn Jónsson. Með "Gullfossi" heim fóru þessir sem vér vitum: Jón Gíslason og kona hans frá Alberta, Finnur Jónsson, frá Sigurður Jakobsen og ungfrú Lina Gillis. — Ný bók er að koma út eftir Einar H. Kvaran, sem heitir "Trú og sannanir"; hugleiðingar um eilífðarmálin, og aðra bók hefir hann í smíðum sem hann kallar "Sögur Rannveigar" í tveimur bindum. — Lagaröss fór frá New York 27. júlí og kom til Íslands 8. ágúst; með honum fóru: Svavar Pálsson frá Hrísey og tveir Bandaríkjamenn. Á skipinu voru fluttar heim 12 bifreiðar. — Árni Sveinsson hefir skrifað tvær skórulegar ritgerðir í blaðið Vísir; önnur þeirra verður tekin upp í "Voröld" síðar. — Deila er hafin á Íslandi milli tveggja flokka sem fylgja mismunandi stefnum og er aðalmaðurinn Þorsteinn Gíslason með Lögréttnu öðru megin en Jakob Möller með "Vísir" hinu megin. Þorsteinn vill hafa land og landsréttindi opin öllum er þangað koma, skilyrðislaust eða skilyrðisliðið. Jakob vill setja ströng takmörk að því er snertir atkvæðisrétt og fleira. Þorsteinn kallar stefnu Jakobs "innlokunarstefnu" en Jakob kallar stefnu Þorsteins "öpingáttarstefnu".

Patience, My Beloved!

(Staling. Höf. frumkvæðisins Edward S. van Zile)

Þú sérd mig breyttan, bros mitt horfið er,
og kannað af mega sofna barn þinn við.
Ei fyr en seinni' eg segi sögu þá,
er sál mín kvældist viftisglóðum á.

Eg heiman bjóst á Hryjar blóðgan völl —
að hefja fánann sú var þrá mín öll,
þinn fána og minn, og fyrir land og lýð
eg lagði ungar út í blóðugt stríð.

Eg aftur kom, þú kannað ei skildir mig,
sem kannað hafði blóðs og morða stig.
Eg get ei brosað, Bræður mínar eg sá
þar brytjast niður stríðsvöllum á.

Og bikar þann, er bauðstu, vina, mér,
eg bergði á aðeins til að gedjast þér.
Því er eg kom eg kaus mér aðeins frið
og kannað af mega sofna barn þér við.

Af kvöllum þeirra', er fyrir handan haf
í heiðri sofa' ei varð eg gamall af,
en hvert ei't sinn, er hugsaði eg heim
eg hefði þráð að vera einn af þeim.

Þú kvaddist mig borinn fyrir sögu og söng,
en sérd mig þóglan nú um dægur löng,
mig, sem að tróð um veg með vöskum her,
en veikur þó — í draumum æ hjá þér.

Og enn eg líft í ægna þinna bál
þú aftur spyrd, þú lóður, göfuga sál,
en spyrjingin, er spyrja vildir þú
er spurning, er eg svarað get ei nú.

Er áskan kemur, kyssir mínar sál,
kemur á ný og slekkur rauna bá,
þá verður aftur fyrir augum þín
sem opin náma viðkvæm sála mín.

En þangað til — ó, vinnan beita bið,
uns burt er horfin kvölin, sem eg líð,
Lof mér að hvílast enn þá stutta stund,
er stýttist nóttin kem eg á þinn fun.

N. Y. þ. 14. ág. 19.

A. Th.

Almennar Fréttir

1. kosningafréttum frá Prince Edward Island, var sagt að 4 afturhaldsmenn hafi unnið; en gölggar fréttir segja fimm.

Tillöguférfnd í Bandaríkjaþinginu hefir farið fram á það, að núm-
ið sé úr gildi gagnskiftatillögðin
til Canada frá 1911. Lögin hafa
verið í gildi eða réttara sagt til-
boðin hafa staðið á báðar hliðar
til þessa dags.

259 smálestir eða 518474 pund af fæðingum eru látin ey-
leggjast á ári hverju í geymsluhú-
sum í Winnipeg. Þetta hefir verið
meðaltal skemda í síðastliðin 11
ár. 20. júlí var fleygt 41½ tonni af
eggjum. Þá var farið að grenslast
eftir fleiru og kom það í ljós, að
frá 1. júlí 1908 til 30. júní 1919,
voru eyðilögð 5,703,211 pund eða
2,852 tonn af vistum. Frá 1. júlí
1918 eyðilögðust 162,490 pund af
almennum jarðavöxtum, 82,723
pund af dýrari ávöxtum og 17,723
pund af kálmot, 15,349 pund af
niðursöðnum mat, 30 pund af
sætopykni, 1,377 pund af eggjum
aok hálsa fimta tons, sem eyði-
lagt var 20. júlí. Árið sem endaði
30. júní 1919, voru eyðilögð 15½
tunn af vistum, mest var eyðilagt
í apríl eða 108,831 pund, það er
34½ tonn.

Hér er skrá sem sýnir hversu
mikið var eyðilagt á ári hverju
síðan 1908.

ár.	pund.
1908	281,311
1909	282,331
1910	1,372,695
1911	681,819
1912	608,434
1913	440,948
1914	370,367
1915	401,690
1916	430,144
1917	358,874
1918	358,874
1919	175,284

Manitobastjórnin hefir veitt
\$500,000 til þess að kaupa naut-
gripi og sauðfé úr þeim héruðum
í Alberta og Saskatchewan, sem
hafa orðið fyrir þurkun og gras-
brest. Búnaðardeild stjórnarinnar
selur skæpunar aftur til
bændur í Manitoba.

Ellefu drengir druknuðu í
Springfield í Massachusetts 25.
júlí, þeir voru úti á vatni á smá-
bátum en stormur var og ókyrra,
svo báttumun hvaldi og piltarnir
fórust.

John B. Densmore fyrverandi
umboðsmaður dönsmaalæðdarinnar
ar í Washington hefir lýst því yfir
að öðlegga hafi verið farið að í
máli Thomas J. Moony verka-
mannaföringja, sem haldið hefir
verið í fangelsi um langan tíma.
Er líklegt að málið verði rannsakað
að nýju og þá sanngjarnlegar
að farið en áður.

Upphlaup mikið gerðu heimkomar
ir hermenn í Lute á Englandi 19.
júlí, þeir höfðu ætlað sér að halda
fund undir berum himni í skemti-
garði, til þess að ræða mál sín, en
borgarstjórnin banaði það. Réðust
þeir þá á nokkrar byggingar og
brendu þar á meðal borgarráðs-
húsið. Nokkrir er sagt að hafi
mist lífið og fjöldi meistar. Bærim
Lute er 30 mílur í norðvestur frá
London, það er bær með 40,000
íbúum.

Annan júlí andast hin merka
kona Dr. Anna Howard Shaw, heið.
ursforseti jafnréttisfélags kvenna
í Bandaríkjunum. Hún var 72 ára
að aldri og átti heima í Pennsylv-
aníu. Mesti skörunugur og dugn-
aðarkona og brátrýðjandi kvenn
réttindamálsins — nokkurs konar
Margrét Benediktson að því leyti.

Mál það sem Henry Ford höfð-
að gegn blaðinu Tribune í Chi-
cago, hefir staðið yfir að undan-
förnu. Ford heldur því fram, að
stríð sé morð og þeir morðingar
sem að stríðsmálum vinni óneydd-
ir. Þetta kallar Tribune stjórns-
leysiskenningar og heldur því
þessvegna fram að Ford sé stjórns-
leysingi; fyrir það hefir hann
stefnt, sem vitni voru kallaðir
margir merkir menn; þar á meðal
biskup sem heitir Charles D. Willi-
ams sálarfræðingur, og segir hann
að álit Fords sé í ströngu samræmi
við álit margra beztu og vitrustu
menn heimsins; t. d. Tolstois,
Emmersons, Carlyles. Sönnuleiðis
segir biskupinn, að þetta sé ná-
kvæmlega sköðun jafnaðarmanna,
fríðarstefnu manna. Eitt af stað-
hæfingum Fords er það, að grát-
legasta atvikið í sorgasögu heims-
ins sé það, að fólk skuli hafa
látið leiða sig út í þetta stríð.
Þetta kveður biskupinn einnig
vera í samræmi við kenningar fríð-
armanna. "Hvenær sem fólk
verður svo kristið að neita að fara
í stríð, hljóta öll stríð að hætta"
sagði hann.

Nú er málið útkljáð; vann Ford
að því leyti, að orð blaðsins
voru dæmd dauð og ómerk, sem
var aðalatriðið, en sekt sama sem
áður.

Kona sem Emmie Kenney heit-
ir, er vísindakona frá Cambridge
í Mass. hefir fundið steinhunn
dýr í Klettafjöllunum, afarstórt
og einkennilegt.

18. júlí dæmdi Choquette dóm-
ari í Montreal, tvo dóma. Í öðru
til fellinu átti karlmaður hlut að
máli; hann hafði yfirgefið konu
sína og heimili og gíft öðlegga
annari konu, sem var að því kom-
in að ala honum barn. Hann hafði
sviðit tveir konur og að miklu
leyti eyðilagt þær. Hann var dæmd
úr í fimm daga fangelsi. Í hinu til-
fellinu átti kona hlut að máli; hún
hafði stolið kertastjaka, og hún
var dæmd af sama dómara sama
dag í þriggja ára fangelsi.

Í höfuðborg Serbíu, Belgrad,
ríkja herlög sem stendur. Stjórn-
in hefir varpað mörgum mönnum
í fangelsi fyrir það, að þeir eru
jafnaðarmenn og vegna þess hafa
verkamenn gert upphlaup.

Fjárhagsskýrslur Canada fyrir
árið 1918, sem endaði 30. júní
eru nýkomnar út og bera það með
sér að verzlunarmagn landsins er
á þeim tíma \$59,108,602 lægra en
á sama tíma í fyrra.

Vöð stormur geysaði í Qeebec
18. júlí; tré rifnuðu upp með röt-
um, reykháfar hrundu, talþræðir
slitnuðu, húsfuku og fólk meidd-
ist. 150 feta hár reykháfur á sjúk-
rahúsi, hrundi og gerði miklar
skemdir.

90 þýskir fangar sem hér áttu
heima í Canada þegar stríðið hófst
voru reknir úr landi burt 23. júlí,
og fóru frá Montreal. Þeir hafa
verið í gæzlu í Vernon í British
Columbia og í Kapusky í Ontario.

Hindenburg fyrverandi herfor-
ingi Þýskalands, skrifaði Poch
herhöfðingja 7. júlí; það hann að
hlutast til um það, að Vilhjálmur
fyrverandi Þýskalandskeisari, yrði
látinn óárettur, og bauðst hann
til þess ef krafist yrði að fram-
selja sjálfan sig í hans stað.

Vegna upphlaupa sem orðið
hafa á Ítalíu nýlega, hefir Victor
Emmanuel konungur, látið það
boð út ganga að framvegis verði
okrarar sektaðir og settir í fang-
elsi og eignir þeirra auk þess
gerðar upptekar.

4. júlí segir Literary Digest að í
Romagnahéruðunum á Ítalíu hafi
verið sett á algerð lýðstjórn með
sama fyrirkomulagi og á Rúss-
landi.

4. júlí þyrptist lið og lögregla
til forsetahússins í Lima í Peru,
töku Cardo forseta fastan og settu
annan forseta í hans stað; kváðu
Cardo hafa verið of einráðan og
voru þessar breytingar gerðar
með svo skjótri svipan, að alt gekk
af svo að segja þegjandi og hljóða
laust.

Svo mikið hefir fólklið látið til
sín taka á Ítalíu í mótmælum gegn
dýrtíðinni að kaupmenn og yfir-
völd hafa séð sitt óvænna og lækk-
að verð um 70%.

Svo er enn grunnt á því góða
máli Ítalíu og Frakklands út af
Fiume að jafnvel er haldið að í
ófríð geti farið, eftir því sem
Literary Digest segir 19. júlí.

Stofnað er til loftferða með
póstflutning mill New York og
Chicago. Fyrsta ferðin var farið
2. júlí og var flutningur 3 hund-
að pund.

Hvert ríkið á fætur öðru í
Bandaríkjunum er að breyta þann-
ig lögum sínum að stjórnarskráin
veiti konum jafurétti. Þessi ríki
hafa þegar samþykkt breytinguna:
Iowa, Wisconsin, Illinois, Michigan,
Massachusetts, Kansas, New
York, Pennsylvania og Ohio.

Læknafélagið í Saskatchewan
hefir ákveðið lægsta heimsókn-
argjald \$3.00 í stað \$2.00.

Thomas White fjármálaráðherra
hefir sagt af sér og hefir Drayton
tekið við því embætti.

Allur mannskaði Frakka í stríð-
inu að meðtöldum særðum og týnd
um, er 1,360,000 manns.

J. S. Woodsworth sýndi fram á
það í ræðu á miðvikudaginn, að
sigurlánið væri að nokkru leyti
orsök í dýrtíðinni. Athugið hvort
þetta getur ekki verið sat'.

ÍSLANDS FRÉTTIR

Frumvarp er fyrir þinginu þess
efnis, að landlækniseinbættid legg-
ist niður, en í þess stað komi heil
brigðisráð skipað þremur mönnum
einn skipaður af konungi en tveir
af læknadeild háskólans. Forseti
ráðsins hafi 5000 kr. árslaun, hækk-
andi upp í 6000 kr., en hinir 1200
kr.

Visir getur þess 12. júlí, að haf-
ishróði hafi sést fyrir norður og
vesturlandi.

Lúðvíg Alexísson í Reykjavík
andaðist 5. júlí.

Stórstúkuping var haldið í
Reykjavík í sumar. Pétur Halldór-
son var endurkosinn stórtémlar.

Séra Guðmundur Guðmundsson
í Gufudal, var sextugur 7. júlí.
Vor honum þá fæddar 1000 kr. af
vinum hans á Ísafirði.

4. júlí andaðist Sigurður Guð-
mundsson fyrrum bóndi í Hauka-
dal í Biskupstungu.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson tón-
skáld dvaldi á Íslandi í sumar í
heimsókn á eskustöðvar sínar. Var
honum haldið veglegt samsæti í
Reykjavík áður en hann fór.

Svo mikil laxaveiði hefir verið
í Elliðaánum í sumar, að engin
dæmi eru til slíks.

Nýju þinghúsbýggingarnar eiga
að verða fullkomnar 1. maí 1920.

Neðri málstofan í Bandaríkjun-
um samþykkti nýlega að nema úr
gildi fljóta tímenn. Wilson forseti
neitaði að samþykkja þetta en efri
málstofan samþykkti tillöguna frá
hinni deildinni, hvað sem Wilson
sagði og hann varð að láta undan.

Áætlað er að hveituppekeran í
Canada verði í ár 170,000,000
mæla.

Fjórir kennarar hafa verið rekn-
ir frá stöðu sinni við háskólann
í Saskatoon. Þeir heita Ira Mackay,
J. L. Hogg, R. D. MacLauri og S.
E. Greenway. Þetta orsakadist af
einhverri óánægju við Murray
skólastjóra, að sagt er. Sumir
halda að dýpri rætur liggi að mál-
in annaðhvort af mikið frjálslýndi
eða stjórnmál.

Karl konungsson í Rúmeníu hef-
ir gengið að eiga stúku sem hét
Zyzis Lambrino. Hann var sviftur
ríkisrétinni fyrir vikið.

Dr. Collins sem hefir verið yfir-
stjórnandi almenna sjúkrahússins
í Winnipeg í eitt ár, hefir sagt af
sér. Er sagt að hann hafi ekki feng-
ið ýmsum umbótum framgengt og
því orðið óánægður.

Prestur sem Charles Hugh Wil-
son heitir og heima á í New York,
var dæmdur í 4 ára fangelsi fyrra
föstudag, fyrir það að eiga sjö
konur á lífi.

Tólf smálestir af eggjum voru
eyðilagðar í Winnipeg fyrra mánu-
dag, í viðbót við allt sem áður var
komið. Fólklið sveltur og getur
ekki keypt egg, því þau kosta 60
cent, en þau eru látin rotna og síð-
an brend.

Eftir skýrslu nýttkominni frá
verkamannadeildinni í Bandarík-
junum, eru 4,500,000 börn þar í
landi, sem svelta heilu hungri
vegna þess að foreldrar þeirra
hafa ekki nógu hátt kaup til þess
að geta látið þau hafa nægilegt
viðurverfi.

Kínar skrifuðu ekki undir friðar
samningana eins og kunnugt er.
Boston Herald segir að geri hvorki
til né frá, nálega enginn geti lesið
skriftina þeirra hvort sem er.

Fullt er að Sigurður Jónsson
fjármálaráðherra muni segja af
sér; hver eftirmaður hans verður
er ófrétt.

17. júlí var silfurbrúðkaup
þeirra hjóna Jóns biskups Helga-
sonar og konu hans. Fánar voru
dregnir í fulla stöng í Reykjavík
í fagnadarskyni.

17. júlí féll víða snjór á Íslandi.
Eskjan gránaði og eins niður að
Þygg á Ísafirði og víðar.

Látin er Guðrún Jónsdóttir,
frá Svarfhóli í Miklaholtshreppi,
móðir Jóhanns Gunnars Sigurðs-
sonar skálds, sem lést 1906.

Ungfrú Soffía, dóttir E. Haf-
steins er nýgift Hauk syni Thors
Jensens í Reykjavík.

7. júlí brann á Siglufirði til
kaldra kola húseign H. Söbstads
sildarakaupmanns.

Látin er Ásrún Jónsdóttir ekkja
á Einarstöðum í Reykjadal, syst-
ir Björns Jónssonar prentara.

Morgunblaðið hefir stækkað um
helming, er það gefið út í sam-
eining við Ísafold; verður Ísafold
vikunútgáfa af Morgunblaðinu. Vil-
hjálmur Pínsen er ritstjóri beggja
blaðanna.